Aðalfundur FFÁS – Félag fagfólks á skólabókasöfnum

Haldinn í Dalskóla 10. mars 2023 kl. 13:30-16:00

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Skýrslur nefndar
6. Umræður og afgreiðslur mála
7. Kosning stjórnar, varastjórnar, fræðslunefndar og kjaranefndar
8. Kosning tveggja endurskoðenda
9. Önnur mál

Fundur settur

Dröfn Vilhjálmsdóttir formaður FFÁS setur fundinn, Einar kosinn fundarstjóri og Unnur María fundarritari.

1.Skýrsla stjórnar

Dröfn kynnir skýrslu stjórnar, kynnir fráfarandi stjórn og þakkar samstarfið. Þakkar fólki sem hélt opið hús í dag. Um 40 manns fór í síðustu vorferð á Suðurnes, fræðslufundur haldinn í Breiðholtsskóla og næsti fræðslufundur í dag í Dalskóla. Dröfn kynnti Gerðubergsráðstefnuna sem haldin verður 11. mars og ber yfirskriftina *Allskonar fjölskyldur*. Tilkynnti næstu vorferð. Ræddi áskoraranir starfsfólks á skólasöfnum síðasta starfsár, nýtt kerfi, efnahagslegar þrengingar og sparnaðaraðgerðir sem bitna m.a. á skólasöfnum. Segir facebook hópinn öflugan þar sem hægt er að fá hjálp og stuðning, erum flest einyrkjar og gott að geta sótt í þennan samstarfsvettvang. Vefsíðunni seinkaði vegna kerfisbreytinga. Stefnt að því að opna hana sem fyrst en ekki hægt að nefna dagsetningu í þeim efnum. Fá félög sem halda úti svona öflugri fræðslu og faglegu starfi og við getum verið stolt að því. Dröfn hyggst láta af störfum og þakkar fyrir samstarfið undanfarin 9 ár.

- Engar spurningar varðandi skýrslu stjórnar.
- Spurt um listamanninn sem teiknar myndir á vefsíðu. Dröfn svarar til en listamaðurinn er Sunna Snorradóttir.

2. Ársreikningar

Margrét fer yfir ársreinkinga, staða ágæt í árslok um 1,3 milljón á reikningi. Enn er útistandandi styrkur frá bókasafnssjóði. Tekjur voru 1.883.838 og gjöld 1.188.800.

Efnahagsreikningur: staða í árslok 1.298.538

- Engar fyrirspurnir.

3. Lagabreytingar
Engar lagabreytingar bárust stjórn.

4. Skýrslur nefnda og ráða
Skýrsla fræðslunefndar var sett inn í skýrslu stjórnar þar sem stjórn sér um fræðslumálin. Ekki er fullskipuð kjaranefnd svo ekki kemur skýrsla frá henni.

- Engar fyrirspurnir.

5. Kosning stjórnar
Kosning formanns: Einar kynnir hlutverk stjórnarmeðlima og þá reglu að stjórn skipti með sér störfum á fyrsta stjórnarfundi. Dröfn gefur ekki kost á sér áfram og kosið er sérstaklega til formanns. Jónella Sigurjónsdóttir gefur kost á sér og engin mótframboð. Jónella kosin einhliða.

Kosning í stjórn: Freydís Kolbeinsdóttir Gerðarskóla gefur kost á sér í stjórn, engin mótframboð og Freydís kosin einróma.

Skoðunarmenn reikninga: Margrét er gjaldkeri og greinir frá því sem felst í starfinu. Hún gerir efnhagsreikning og rekstrarreikning og skoðunarmenn fara yfir hvort reikningar stemma. Fáir reikningar og lítið starf.
Sirrý í Dalskóla gefur kost á sér og kosin einróma.
Sigga Dóra gefur kost á sér sem varamaður og kosin einróma.

Kjaranefnd: Einar kynnir hlutverk þessa fulltrúa að vera tengiliður félagsins við stéttarfélögin til að tryggja að okkar raddir heyrist innan KÍ og SBU. Þóra Jónsdóttir Öldutúnsskóla er fulltrúi okkar í SBU og heldur áfram. Óskað eftir fulltrúa til að vera tengiliður við KÍ en enginn gefur sig fram.

Formlegri dagskrá lokið.

Önnur mál
Stólaleikur til að gleðja, tveir heppnir unnu páskaegg nr. 7 frá Nóa Siríus.

Fræðsluerindi um samsteypusafnið í Dalskóla: Borgarbókasafnið í Úlfarsárdal og skólabókasafn Dalskóla.
Sirrý kynnir starfsemi samsteypusafnsins og fyrstu skrefin, bókasafnið er borgarbókasafn og Sirrý er starfsmaður þess en ekki skólans. Eru með hljóðver,

listaverkavegg, barnadeild, barnaviðburði 1x í mánuði o.fl. Safnið sinnir 420 nemendum í skólanum. Margt sem ávinnst með því að vera borgarbókasafn en einnig ýmislegt sem tapast við að vera ekki skólabókasafn. Opnaði í desember 2021 en þá var ekki skólabókavörður starfandi. Afgreiðslan byggir á sjálfsafgreiðslu. Dæmi um verkefni:

- Sjóræningjasmiðja í 1. bekk.
- Hryllingur og hrollvekjur, spurningakeppnir og break out.
- Popplestrarátak á yngsta stigi.
- Jólalestur.
- Rithöfundaheimsóknir.
- Sögupersónur í lestrarátaki sem er að byrja.

Kaffihlé

Menntafléttan
Jónella er með kynning á Menntafléttunni.

Fundi slitið 16:00.